Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 15. mars 1987

Árbæjarprestakall. Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardag kl. 11 árdegis. Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar sunnudag kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í safnaðarheimilinu kl. 14. Organisti Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja. Kirkjudagur safnaðarfélags Ásprestakalls. Barnaguðsþjónusta kl. 14. Ingibjörg Marteinsdóttir söngkona syngur einsöng, Þórhallur Birgisson leikur á fiðlu og Ragna Gunnarsdóttir á selló. Veislukaffi í safnaðarheimili Áskirkju eftir messu. Föstumessa í Áskirkju miðvikudagskvöld kl. 20.30. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtsprestakall. Barnaguðsþjónusta í Breiðholtsskóla kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Daníel Jónasson. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja. Barnasamkoma kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Elín Anna Antonsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Æskulýðsstarf þriðjudagskvöld. Félagsstarf aldraða miðvikudagssíðdegi. Föstumessa á miðvikudagskvöld í Hallgrímskirkju kl. 20.30. Kristniboðssamkoma fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall. Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan. Laugardagur: Barnasamkoma kl. 10.30. Egill og Ólafía. Sunnudagur: Messa kl. 11. Dómorganistinn leikur á orgel kirkjunnar í 20 mín. fyrir messuna. Sr. Þórir Stephensen. Messa kl. 14. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður starfsmannafélagsins Sóknar, prédikar. Elín Sigurvinsdóttir óperusöngkona syngur einsöng. Sr. Hjalti Guðmundsson. Eftir messuna verður kaffisala KKD á Hótel Loftleiðum. Þriðjudagur 17. mars kl. 20.30, helgistund á föstu. Sr. Þórir Stephensen.

Elliheimilið Grund. Guðsþjónusta kl. 14. Ólöf Ólafsdóttir guðfræðinemi prédikar. Sr. Bjarni Sigurðsson þjónar fyrir altari. Félag fyrrverandi sóknarpresta. Föstudagsguðsþjónusta miðvikudag kl. 18.10. Sr. Kristján Björnsson guðfr.

Fella- og Hólakirkja. Laugardagur: Barnasamkoma í Hólabrekkuskóla kl. 14. Sunnudagur: Barnasamkoma – Kirkjuskóli kl. 11. Ragnheiður Sverrisdóttir djákni. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Fundur í æskulýðsfélaginu mánudagskvöld kl. 20.30. Sr. Hreinn Hjartarson.

Fríkirkjan í Reykjavík. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Þorsteinn Björnsson, fyrrv. Fríkirkjuprestur, prédikar. Safnaðarprestur þjónar fyrir altari. Félagsvist í Oddfellowhúsinu sunnudagskvöld 15. mars kl. 20.00 á vegum kvenfélags Fríkirkjunnar. Allir velkomnir. Föstudag 20. mars kl. 13.30 verður lagt af stað í samveru fermingarbarna í Skálholti. Bænastundir á föstu eru í kirkjunni þriðjud., miðvikud., fimmtud. og föstudag kl. 18. Sr. Gunnar Björnsson.

Grensáskirkja. Barnasamkoma kl. 11. Barnakór Álftamýrarskóla kemur í heimsókn. Stjórnandi Hannes Baldursson. Messa kl. 14. Organisti Árni Arinbjarnarson. Fimmtudagur: Almenn samkoma kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

Hallgrímskirkja. Barnasamkoma og messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Þriðjudagur: Fyrirbænamessa kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum. Miðvikudagur: Föstumessa kl. 20.30. Kvöldbænir með lestri Passíusálma alla virka daga kl. 18 nema laugardaga. Kirkjan opin kl. 10–18 alla daga nema mánudaga.

Landspítalinn. Messa kl. 10. Sr. Jón Bjarman.

Háteigskirkja. Messa kl. 10. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Messa kl. 14. Sr. Tómas Sveinsson. Föstuguðsþjónusta miðvikudagskvöld kl. 20.30.

Borgarspítalinn. Guðsþjónusta kl. 10.30. Sr. Tómas Sveinsson.

Kársnesprestakall. Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11 árdegis. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja. Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur – sögur – myndir. Sr. Sig. Haukur Guðjónsson og Jón Stefánsson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Organisti Jón Stefánsson. Fermingarbörn og foreldrar þeirra hvött til að mæta. Sóknarnefndin.

Laugarneskirkja. Laugardagur 14. mars: Guðsþjónusta í Hátúni 10B kl. 11. Sunnudagur: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Mánudagur: Æskulýðsstarf kl. 18. Þriðjudagur: Bænaguðsþjónusta kl. 18. Orgeltónlist frá kl. 17.50. Píslarsagan – Passíusálmar – altarisganga og fyrirbænir. Sóknarprestur.

Neskirkja. Laugardagur: Samverustund aldraða kl. 15. Sýndar verða litskyggnur frá Skotlandsferð sl. sumar. Sr. Frank M. Halldórsson. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Munið kirkjubílinn. Guðsþjónusta kl. 11. Ath. breyttan tíma. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Mánudagur: Æskulýðsstarfið kl. 19.30. Þriðjudagur og fimmtudagur: Opið hús fyrir aldraða kl. 13–17. Fimmtudagur: Föstuguðsþjónusta kl. 20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

Seljasókn. Barnaguðsþjónusta í Ölduselsskóla kl. 10.30. Barnaguðsþjónusta í Seljaskóla kl. 10.30. Guðsþjónusta í Öldusels skóla kl. 14. Þriðjudagur: Fundur í æskulýðsfélaginu Sela, Tindaseli 3, kl. 20.00. Sóknarprestur.

Seltjarnarneskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Ólafur Jóhannsson prédikar og þjónar fyrir altari. Organisti Sighvatur Jónasson. Opið hús fyrir unglingana mánudagskvöld kl. 20.30. Opið hús fyrir 10–12 ára þriðjudag kl. 17.30. Föstuguðsþjónusta fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sóknarprestur.

Fríkirkjan í Hafnarfirði. Barnasamkoma kl. 11. Sr. Einar Eyjólfsson. Guðsþjónusta kl. 14. Altarisganga. Organisti Þóra Guðmundsdóttir. Sr. Einar Eyjólfsson.

Kirkja óháða safnaðarins. Messa verður í kirkjunni kl. 14 eftir gagngerðar endurbætur. Fermingarbörn lesa ritningalestra. Barnastarf í Kirkjubæ meðan á messu stendur. Aðalfundur safnaðarins verður haldinn í Kirkjubæ eftir messuna og er safnaðarfólk hvatt til þátttöku. Sr. Þórsteinn Ragnarsson.

Keflavíkurkirkja
Sunnudagaskóli kl. 11. Munið skólabílinn. Guðsþjónusta kl. 14. Hljóðritun fyrir útvarp til útsendingar á pálmasunnudag. Sóknarprestur.

Leiklistarklúbbur MÍ
Hassið hennar mömmu í Hlaðvarpanum

Gamanleikurinn Hassið hennar mömmu eftir Dario Fo verður sýndur í Hlaðvarpanum á sunnudag og mánudag kl. 20.30.

Það er Leiklistarklúbbur Menntaskólans á Ísafirði sem stendur að þessari sýningu og leikstjóri er hinn landsþekkti leikritahöfundur Oddur Björnsson.

Þetta er fyrsta verk Leikklúbbs MÍ. Nú þegar hefur það verið sýnt víða um land við fádæma undirtektir. Því var ákveðið að bjóða höfuðborgarbúum upp á að sjá þennan frábæra gamanleik. Þess má geta að leikrit þetta er hið sama og var sýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur fyrir 5–6 árum við gífurlegar vinsældir. En sem fyrr segir verða sýningar kl. 20.30 í Hlaðvarpanum á sunnudag og mánudag.




Hassið hennar mömmu sem Leikklúbbur MÍ sýnir í Hlaðvarpanum um helgina er ærslafullur í meira lagi.

Aríur úr óperum á Kjarvalsstöðum

Robert W. Becker barítónsöngvari og David Knowles píanóleikari halda tónleika í vestursal Kjarvalsstaða á morgun, laugardag.

Tónleikarnir eru haldnir í tilefni opnun sýningar Guðrúnar Tryggvadóttur en sýningin verður opnuð kl. 14. Tónleikarnir hefjast kl. 15.30.

Fyrst á dagskrá eru „Ástir skáldsins" eftir Robert Schumann við texta Heinrichs Heine. Eftir hlé syngur Robert aríur úr óperum eftir Richard Wagner. Róbert er búsettur hér á landi og hefur sungið m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands og í Þjóðleikhúsinu, nú síðast sem Scarpia í Tosca. David Knowles býr einnig á Íslandi og er þekktur sem undirleikari, auk þess að vera organisti í Kristskirkju.



Robert W. Becker og David Knowles halda tónleika á morgun í tilefni opnunar sýningar Guðrúnar Tryggvadóttur.

Allir eru velkomnir á tónleikana og sýninguna. Aðgangur er ókeypis.


Menningarstofnun Bandaríkjanna
Undraveröld J.E. Sydow

Nýlega var opnuð sýning í húsi Menningarstofnunar Bandaríkjanna að Neshaga 16, Reykjavík, á verkum eftir J.E. Sydow og stendur hún til 20. mars næstkomandi.

Sydow er bandarískur listamaður í stuttri heimsókn hér á landi. Hann er einn popplistarmannanna og sækir sterklega í seinni tíma verk Andy Warhol.

Hann vinnur verk sín úr plastfrauði og skapar brosleg viðfangsefni.

Sýningin er opin um helgina frá klukkan 14.00 til 22.00 en virka daga frá klukkan 8.30 til klukkan 17.30. Sýningin er öllum opin.



Samsýning Félags íslenskra myndlistarmanna hefur nú hlotið nafnið Tvíæringur í framtíðinni.

Árleg samsýni á Kjarvalsstö

Samsýning Félags íslenskra myndlistarmanna verður haldin í austursal Kjarvalsstaða dagana 14.–29. mars 1987 og verður opin daglega frá kl. 14–22. Opnun er laugardaginn 14. mars kl. 14.

Sú nýbreytni hefur átt sér stað á sýningahaldi FÍM að nú er sýning að vorlagi í stað hinna árlegu haustsýninga og hyggst félagið gera það annað hvert ár. Hefur sýningin hlotið nafnið Tvíæring þessu heiti í náinn

Í Félagi íslenskra að listamenn úr fl eflst mikið á unda efnilegir í hópinn.

Jóhanna Wathne sýnir í Hveragerði

Jóhanna Wathne myndlistarmaður sýnir þessa dagana á Heilsuhælinu í Hveragerði 14 olíumyndir á striga og mun sýningin standa fram yfir næstu helgi.

Jóhanna stundaði nám í myndlist í Reykjavík um 8 ára bil og í tvö ár í Kanada og Norður-Dakota í sex ár. Hún giftist íslenskum manni, Oswald Wathne, sem nú er látinn. Stunduðu þau samtímis nám í Ríkisháskólanum í Dakota en hann var enskufræðingur og stjórnunarfræðingur. Jóhanna hefur haldið fjórar málverkasýningar auk þess sem hún hefur fengist við skriftir og skrifað sögur fyrir tímaritið Æskuna. Einnig hafa sögur hennar verið lesnar upp í útvarpi.

Ferðalög

Ferðafélag Íslands
Dagsferðir sunnudaginn 15. mars:
1. kl. 13. Vífilsfell og nágrenni gönguferð.
2. kl. 13. Skíðaganga á Bláfjallasvæðinu. Ekið verður um Bláfjallaveg eystri framhjá Rauðuhnúkum, þar sem gönguf ólkið fer úr bílunum, skíðahópurinn heldur áfram að Þjónustumiðstöðinni í Bláfjöllum. Verð kr. 400. Brottför frá Umferðar-